



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS



Könnun 5. – 11. maí


Könnun Markaðsstofu Norðurlands
vegna Covid 19 á Norðurlandi

Könnun vegna Covid-19 á Norðurlandi

Markaðsstofa Norðurlands ákvað að gera stutta könnun á viðbrögðum ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vegna Covid-19 faraldursins. Markmið rannsóknarinnar var að greina til hvaða aðgerða fyrirtæki hafa gripið vegna faraldursins. Könnunin var netkönnun sem send var á póstlista Markaðsstofu Norðurlands og var í gangi frá 5. – 11 maí. Það voru 172 sem svöruðu könnuninni.

Af þeim sem svöruðu voru flestir með gistingu (49%), veitingar (36%) og ferðir & afþreyingu (35%). Stærsti hluti þátttakenda eru fyrirtæki sem eru búin að vera starfandi í 10 ár eða lengur eða 61%. Þegar skoðað var hversu margir starfa hjá fyrirtækinu að meðaltali á ársgrundvelli voru 42% með 1-2 starfsmenn og 30% með 3 – 5 starfsmenn af þeim sem svöruðu könnuninni. 77% þeirra sem svöruðu voru annað hvort framkvæmdastjóri eða eigandi viðkomandi fyrirtækis.

Ertu að nýta þér úrræði stjórnvalda?



Af 172 sem svöruðu þessari spurningu, svöruðu 58% henni játandi. Af þeim sem svöruðu játandi, voru:

- 87% að nota hlutabótaleið
- 9% ætla að nýta brúarlán
- 3% ætla að nýta lokunarstyrk
- 11% svöruðu að þau myndu nota hlutabótaleið til uppsagnar
- 7% ætla að fara í frystingu lána
- 3% nýta frestun opinberra gjalda

Hins vegar voru 37% svarenda sem sögðu nei og voru eftirfarandi ástæður gefnar:

- 31% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki
- 14% sögðust ekki þurfa þess
- 10% sögðust vera bara með sumarstarfsemi
- 16% sögðust vera of lítið fyrirtæki fyrir úrræði stjórnvalda

Síðan voru 5% sem vissu ekki hvort fyrirtækið væri að nýta úrræði stjórnvalda.

Gisting

50% gististaða eru að nýta mismunandi úrræði stjórnvalda, sjá eftirfarandi skiptingu:

- 82% að nota hlutabótaleið
- 11% ætluðu að nota brúarlán
- 13% ætla að nota hlutabótaleið til uppsagnar
- 10% ætla að fara í frystingu lána
- 5% nýta frestun opinberra gjalda

42% gististaða voru ekki að nýta úrræði stjórnvalda og gáfu eftirfarandi skýringar:

- 34% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki
- 13% sögðust ekki þurfa þess
- 12% sögðust bara vera með sumarstarfsemi
- 16% sögðust verða of lítið fyrirtæki fyrir úrræði stjórnvalda.

8% vissu ekki hvort það væri verið að nota úrræði stjórnvalda. 90% gististaða sögðust vera með opið í ár. Langflestir gististaðir telja að þeir muni lifa af ástandið vegna Covid-19 eða 74% þeirra sem svöruðu. 75% gististaða sem svöruðu eru með 1-5 starfsmenn á ársgrundvelli.

Veitingar

Af þeim sem voru með veitingarekstur voru 63% þeirra að nýta úrræði stjórnvalda. Þau úrræði voru eftirfarandi:

- 94% að nota hlutabótaleið
- 6% ætla að nota brúarlán
- 11% ætla að nota hlutabótaleið til uppsagnar
- 6% ætla að fara í frystingu lána

Hins vegar voru 35% sem hafa ekki notað úrræði stjórnvalda.

- 45% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki
- 15% sögðust ekki þurfa þess
- 15% sögðust bara vera með sumarstarfsemi

1% vissi ekki hvort fyrirtækið væri að nýta úrræði stjórnvalda.

89% veitingastaða ætla að vera með opið í ár. 74% þeirra sem svöruðu sögðu telja sig lifa ástandið af vegna Covid 19.

Ferðir & afþreying

61% fyrirtækja sem eru með ferðir og afþreyingu eru að nota úrræði stjórnvalda. Þau úrræði voru eftirfarandi:

- 84% að nota hlutabótaleið
- 13% ætla að nota brúarlán
- 13% ætla að nota hlutabótaleið til uppsagnar
- 9% ætla að fara í frystingu lána
- 6% ætla að nýta lokunarstyrk

Hins vegar voru 35% þeirra sem svöruðu ekki að nota úrræði stjórnvalda:

- 36% sögðu að úrræði stjórnvalda hentuðu ekki


- 5% sögðust ekki þurfa þess
- 21% sögðust verða of lítið fyrirtæki fyrir úrræði stjórnvalda
- 5% sögðust bara vera með sumarstarfsemi

4% vissu ekki hvort þau væru að nota úrræði stjórnvalda. 78% telja líklegt að þau muni lifa af ástandið.

Er fyrirtækið í endurfjármögnunarferli?

Af 162 sem svöruðu voru 78% sem sögðust ekki vera í endurfjármögnunarferli. 14% sögðu já við að vera í endurfjármögnunarferli. Síðan voru 6% sem sögðu „á ekki við/ vil ekki svara“ og tæplega 3% vissu það ekki.


Er íslenski markaðurinn mikilvægur fyrir starfsemi fyrirtækisins?




Af 162 sem svöruðu spurningunni voru 59% sem sögðust vera frekar eða mjög sammála því að íslenski markaðurinn væri mikilvægur fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Verður þitt fyrirtæki opið fyrir viðskiptavinum í ár?

Það sem er hvað ánægjulegast við niðurstöður könnunarinnar er að flest fyrirtækin ætla að hafa opið árið 2020, eða 91% af þeim 159 fyrirtækjum sem svöruðu þessari spurningu. Það voru einungis 1,2% sem svöruðu neitandi og 8% sem sögðust ekki vita. Þeir sem svöruðu þessari spurningu játandi ætla að hafa opið í júní, júlí og ágúst eða yfir 90%. Meirihluti svarenda, eða yfir 60% þeirra sem svöruðu, ætla að hafa opið yfir alla mánuðina.



Er líklegt að fyrirtækið lifi af ástandið vegna Covid-19?



Í könnuninni kemur fram að 75% þeirra 158 sem svöruðu þessari spurningu telja frekar eða mjög líklegt að fyrirtækið lifi ástandið af vegna Covid 19. 10% segja „hvorki né“ og 10% segjast ekki vita. Einungis 5% segja það frekar eða mjög ólíklegt að fyrirtækið lifi af.

Samantekt

Það má draga þá ályktun út frá þessari könnun að fyrirtæki á Norðurlandi telji sig muna lifa af ástandið sem Covid-19 hefur skapað. Rúmur helmingur fyrirtækja sem svöruðu könnuninni eru að nota úrræði stjórnvalda og þá í flestum tilfellum hlutabótaleiðina. Af þeim sem svöruðu neitandi um nýtingu úrræða stjórnvalda, sögðu flestir að úrræðin myndu ekki henta sínu fyrirtæki. Þá voru 14% fyrirtækja í endurfjármögnunarferli og meiri hluti svarenda sagði að Íslendingar væru mikilvægir í þeirra starfsemi.

Ef það eru einhverjar ábendingar eða spurningar um könnunina þá vinsamlegast hafið samband við Björn H. Reynisson, bjorn@nordurland.is eða í síma 462-3300.

